



Borgarráð

Reykjavík, 19. ágúst 2025
MSS25080039

**Erindisbréf - Samningateymi um uppbyggingu athafnasvæðis Knattspyrnu-
félagsins Víkings**

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf samningateymis um uppbyggingu athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Erindisbréf samningateymis um uppbyggingu athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings, ódags.



Reykjavík



[dags.] ágúst 2025

MSS25080039

ERINDISBRÉF

Samningateymi um uppbyggingu athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Forsaga málsins er ákvörðun borgarráðs frá 10. júlí 2008 þess efnis að samþykkja stækkun athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings þegar gildandi lóðarleigusamningur við Gróðrastöðina Mörk myndi renna út árið 2016. Frá árinu 2008 hafa fulltrúar á vegum Reykjavíkurborgar og Víkings undirbúið verkefnið og unnið ítarlegar tillögur í starfshóp um framtíðarsýn og uppbyggingu á athafnasvæði Víkings inn á Stjörnugróf 18 (Markarsvæði). Sérstök skýrsla um viðhald og uppbyggingu á mannvirkjum Víkings var síðan unnin og kynnt af hálfu fulltrúa Reykjavíkurborgar og Víkings árið 2018. Þann 21. maí 2025 barst Reykjavíkurborg erindi frá aðalstjórn Víkings um efndir fyrirheits Reykjavíkurborgar frá 2008 um stækkun á athafnasvæði Víkings. Eftir fund formanns og framkvæmdastjóra Víkings með borgarstjóra þann 11. ágúst síðastliðinn var sammælt um að skipa samningateymi með fulltrúum borgarinnar og Víkings um framtíðaraðstöðu fyrir Knattspyrnufélagið Víking í Traðarlandi og á Markarsvæði. Samhliða þessu verði umhverfis- og skipulagssviði falið að aðstoða eigendur Gróðrastöðvarinnar Markar að finna nýja staðsetningu fyrir stöðina. Fulltrúar borgarinnar munu samhliða viðræðum við Knattspyrnufélagið Víking eiga í viðræðum við eigendur Gróðrastöðvarinnar Markarinnar og verður lagt fram erindisbréf um þær viðræður.

Helstu verkefni:

- Að móta og semja um langtímasýn fyrir aðstöðu Knattspyrnufélagsins Víkings í Stjörnugróf 18 (Markarsvæði) og ná saman um tímalínur breytinga fyrir 31.12.2025
- Að vinna drög að forsögn fyrir deiliskipulagsgerð á þeim grunni og endurskoða umferðaröryggismál fyrir 31.3.2026.
- Samhliða taka til endurskoðunar og semja um eignarhald, uppbyggingu og viðhald íþróttamannvirkja Víkings við Traðarland til framtíðar.

Samningateymið skipa:

Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari, formaður

Auður Inga Ingvarsdóttir, lögfræðiteymi SBB

Steinþór Einarsson, menningar- og íþróttasvið

Björn Einarsson, Knattspyrnufélagið Víkingur

Haukur Hinriksson, Knattspyrnufélagið Víkingur

Elísabet Björnsdóttir, Knattspyrnufélagið Víkingur



Reykjavík

**Starfsmaður samningateymisins:**

Helena Rós Sigmarsdóttir, eignaskrifstofu

Til ráðgjafar og samstarfs:

Samningateymið leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á. Ekki verða greiddar þóknanir fyrir setu í samningateyminu.

Starfstímabil og skil:

Samningateymið skili tillögum um langtímasýn fyrir aðstöðu Knattspyrnufélagsins Víkings í Stjörnugróf 18 (Markarsvæði) og ná saman um tímalínur breytinga fyrir 31.12.2025

Samningateymið skili heildarverkefninu af sér ásamt kostnaðarmati eigi síðar en 31.3.2026.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri



Reykjavík